

Leiðbeiningar fyrir yfirkjörstjórnir sveitarfélaga

Undirbúningur og framkvæmd forsetakosninga



Yfirlit

Inngangur	3
Hlutverk yfirkjörstjórna sveitarfélaga	3
Hverfis- og undirkjörstjórnir.....	4
Hæfi kjörstjórnarmanna.....	4
Fundargerðir	4
Kostnaður vegna framkvæmdar kosninga	5
Undirbúningur fyrir kosningar	5
Kjörskrá	5
Undirbúningur kjörstaða.....	7
Aðgengilegur kjörstaður	7
Góð nettenging	7
Kjörgögn og önnur aðföng fyrir kosningar	7
Aðföng og útbúnaður á kjördag	7
Geymsla kjörgagna.....	9
Lögbundnar auglýsingar.....	9
Opnunartími kjörstaða.....	10
Kjördagur.....	11
Fyrir opnun kjörstaða.....	11
Kjósandi kýs.....	12
Þjónusta og aðstoð á kjördag.....	13
Eftir lokun kjörstaða.....	14
Skýrsluskil til Hagstofunnar.....	15
Bókanir í gerðabók.....	16
Meðhöndlun utankjörfundaratkvaða	19
Aðstoð við kosningu.....	21
Afsal atkvæðisréttar.....	22
Umboðsmenn	23
Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.....	24
Skönnun á stafrænum skilríkjum	25
Lög og reglugerðir	26

Inngangur

Þetta rit er leiðarvísir fyrir yfirkjörstjórnir sveitarfélaga um undirbúning og framkvæmd forsetakosninga. Leiðbeiningarnar styðjast við gildandi lög, reglugerðir, reglur og fyrirmæli. Í leiðbeiningunum eru sett fram viðmið og ábendingar um góða starfshætti yfirkjörstjórna. Ef það er munur á því sem stendur í lögum, reglugerðum, reglum, fyrirmælum eða öðru og því sem hér stendur þá víkja þessar leiðbeiningar.

Landskjörstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og veitir yfirkjörstjórnum kjördæma, yfirkjörstjórnum sveitarfélaga og sveitarfélögum stuðning og ráðgjöf í aðdraganda kosninga og á kjördag.

Landskjörstjórn heldur utan um upplýsingar um hvaða einstaklingar sitja sem aðal- og varamenn í hverri yfirkjörstjórni. Mikilvægt er að kjörstjórnir láti vita ef breytingar verða á skipun þeirra.

Hægt er að hafa samband við landskjörstjórn:

- postur@landskjorstjorn.is
- sími: 540 7500

Upplýsingar um forsetakosningar er að finna á vefsíðunni kosning.is.

Hlutverk yfirkjörstjórna sveitarfélaga

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga eru kosnar af sveitarfélögum og er kjörtímabil kjörstjórnna það sama og hjá sveitarstjórnum¹. Yfirkjörstjórn sveitarfélags er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Kjörstjórnarmenn skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélagini. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Hlutverk kjörstjórnir sveitarfélaga er ólíkt eftir því hvaða kosningar um ræðir, í sveitarstjórnarkosningum sér yfirkjörstjórn sveitarfélags einnig um talningu en ekki í Alþingis- eða forsetakosningum.

Í forsetakosningum eru hlutverk yfirkjörstjórna sveitarfélaga m.a. eftirfarandi:

- Undirbúa kjörstaði fyrir kosningar.
- Fræða og þjálfa starfsfólk fyrir framkvæmd kosninga.
- Sjá um framkvæmd kosninga í sínu sveitarfélagi

Varamenn í yfirkjörstjórn sveitarfélags

Varamenn eru boðaðir eins og þurfa þykir. Ef ljóst er að aðalmaður mun vera mikið fjarverandi í aðdraganda kosninga og á kjördag er rétt að kalla til varamann.

¹ 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Hverfis- og undirkjörstjórnir

Í sveitarfélögum sem skipt er í kjördeildir kýs sveitarstjórn jafnmargar undirkjörstjórnir og fjöldi kjördeilda er. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað getur sveitarstjórn kosið hverfiskjörstjórn til að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar sveitarfélags. Þá getur yfirkjörstjórn kjördæmis kosið umdæmiskjörstjórn yfir ákveðnu svæði.

Í sveitarfélagi þar sem er aðeins ein kjördeild gegnir yfirkjörstjórn sveitarfélagsins einnig störfum undirkjörstjórnar og við hana er átt í þessum leiðbeiningum þegar rætt er um undirkjörstjórnir.

Hæfi kjörstjórnarmaðna

Ákvæði um hæfi í kosningalögum hefur verið breytt frá síðustu sveitarstjórarkosningum. Nú gildir það að kjörstjórnarmaður skal víkja sæti ef til úrskurðar er mál:

- a) er varðar maka hans eða sambúðarmaka, enda sé sambúðin skráð í þjóðskrá, eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við aettleiðingu, eða
- b) ef að öðru leyti en greinir í a-lið eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Ef kjörstjórnarmaður telur að vera hans í kjörstjórn geti orkað tvímælis er rétt að skoða hvort betra sé að víkja sæti við þær kosningar þótt það sé ekki skilyrði í skilningi kosningalaga.

Ágreiningi um hæfi kjörstjórnarmanns til að úrskurða í máli má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála.²

Fundargerðir

Allar kjörstjórnir skulu halda fundargerðir og bóka gerðir sínar.³

Í fundargerð skal eftirfarandi koma fram:

1. Fundartími og fundarstaður.
2. Nafn fundarritara.
3. Nöfn viðstaddir fulltrúa kjörstjórnar, varamanna þeirra, áheyrnarfulltrúa og annarra þeirra sem fund sitja sem og viðverutíma.
4. Dagskrármál sem tekin eru fyrir og niðurstaða þeirra.
5. Upplýsingar sem kjörstjórn óskar eftir að bókaðar séu í fundargerð.
6. Bókanir fulltrúa, áheyrnarfulltrúa eða annarra þeirra sem rétt eiga að lögum til bókunar.
7. Lok fundar.

Skrifa má undir fundargerðir rafrænt eða eigin hendi. Ef fundargerðir eru skrifaðar í tölvu skulu þær færðar í gerðabók eftir að þær hafa verið undirritaðar.⁴

² 18. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

³ 20. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

⁴ 4. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórnna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023.

Kostnaður vegna framkvæmdar kosninga

Við forsetakosningar greiðir ríkissjóður sveitarfélögum sérstakt fjárframlag vegna verkefna þeirra við framkvæmd kosninganna.

Öll sveitarfélög skulu senda landskjörstjórn sundurliðað kostnaðaryfirlit að loknum forsetakosningunum þar sem fram kemur á skýran og greinargóðan hátt í hverju kostnaður sveitarfélagsins vegna kosninganna hafi verið fólginn og þær fjárhæðir sem um er að ræða.

Landskjörstjórn í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga greinir upplýsingarnar þannig að ljóst sé hver raunkostnaður sveitarfélaga hafi verið við kosningarnar.⁵

Undirbúningur fyrir kosningar

Í aðdraganda kosninga þarf að huga að ýmsum atriðum:

- Sveitarstjórnir ákveða fjölda og staðsetningu kjörstaða í sínu sveitarfélagi. Á sama kjörstað mega vera fleiri en ein kjördeild.
- Sveitarstjórn þarf að auglýsa kjörstaði og upphaf kjörfundar á kjördag með hæfilegum fyrirvara fyrir kjördag og á þann hátt sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.
- Sveitarstjórnir ráða fólk til starfa á kjördag.
- Yfirkjörstjórn sveitarfélags sér til þess að kjörstaðir séu settir upp fyrir kjördag ásamt því að þjálfa starfsfólk til starfa á kjördegi.

Kjörskrá

Þjóðskrá Íslands gefur út kjörskrá, en viðmiðunardagur kjörskrár fyrir forsetakosningar 2024 er 24. apríl, þ.e. miðað er við lögheimili fólks þann 24. apríl í kjörskránni. Ef fólk flytur eftir þann dag er það enn á kjörskrá á „gamla“ staðnum. Kjörskráin er aðgengileg í kjördeildarkerfi Þjóðskrár og þaðan er hún sótt til útprentunar fyrir kjördeildirnar.⁶

Kjörskrá skal vera aðgengileg almenningi til skoðunar 21 degi fyrir kjördag á skrifstofu sveitarstjórnar, eða öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður, á almennum skrifstofutíma til kjördags.⁷ Sveitarstjórn skal tilkynna (t.d. á vef sínum) hvar kjörskrá liggur frammi.

Leiðréttigar og breytingar á kjörskrá

Ef kjósandi hefur athugasemdir við kjörskránna er þeim beint til Þjóðskrár Íslands sem tekur þær til meðferðar og leiðréttir ef við á. Slíkar leiðréttigar má gera fram á kjördag. Þjóðskrá Íslands sendir tilkynningar um leiðréttigar sem gerðar eru til hlutaðeigandi aðila og leiðbeiningar um hvernig þær skuli færðar á prentuð kjörskráreintök sveitarstjórn. Í ákveðnum tilvikum hefur Þjóðskrá Íslands heimildir til að leiðréttta kjörskrá þó beiðni um slíkt berist ekki frá kjósanda. Ekki má gera aðrar

⁵ 7. gr. reglugerðar um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum nr. 442/2024.

⁶ 30. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

⁷ 3. gr. reglugerðar um aðgang og birtingu upplýsinga úr kjörskrá nr. 441/2024.

leiðréttigar eða breytingar í en þær sem Þjóðskrá heimilar.⁸ Hægt er að hafa samband við Þjóðskrá hér: kosningar@skra.is

Meðhöndlun utankjörfundaratkvæða

Sýslumenn sjá um framkvæmd utankjörfundarkosninga hérlendis, en sendiráð og ræðismenn erlendis.

Utankjörfundaratkvæði eru annaðhvort sett í atkvæðakassa hjá sýslumannni eða send á skrifstofu sveitarfélagsins sem kjósandi er á kjörskrá í eða var síðast á kjörskrá á Íslandi. Þetta er breyting frá því sem áður var þegar atkvæðisbréfin voru send sýslumannni.

- Þau utankjörfundaratkvæði sem berast á skrifstofu sveitarfélagsins á að setja í innsiglaðan atkvæðakassa sem geymdur er á öruggum stað.⁹
- Atkvæðisbréfin skulu skráð í sérstaka skrá þar sem þau eru tölusett. Skrá skal nafn og heimilisfang kjósenda.¹⁰ Heimilt er að skrá upplýsingar um kennitölu, kjörstað og kjördeild. Að jafnaði skal við það miðað að skráin sé rafræn en þó er heimilt að halda skrá á pappír.
- Ef atkvæðisbréf berast á skrifstofu sveitarfélags en kjósandi er á kjörskrá í öðru sveitarfélagi ber því að koma atkvæðisbréfinu til skila til rétts sveitarfélags, t.d. með pósti eða með öðrum hentugum hætti, allt eftir aðstæðum.¹¹

Ef kjörstjórar (sýslumenn og aðrir þeir sem sjá um utankjörfundaratkvæðagreiðslu) afhenda atkvæðakassa til yfirkjörstjórna sveitarfélaga:

- Atkvæðakössum fylgja upplýsingar úr skrá kjörstjóra um þá kjósendur sem settu atkvæðisbréf sitt í atkvæðakassana.
 - Upplýsingarnar eru nafn, kennitala og lögheimili kjósanda og hvenær hann kaus.¹²

Yfirkjörstjórnin má rjúfa innsiglin á atkvæðakössunum sem berast og þeim kössum sem innsiglaðir voru fyrir utankjörfundaratkvæðin sem bárust á skrifstofuna (aðsendu atkvæðisbréfin) og flokka atkvæðisbréfin eftir kjördeildum fyrir kjördag. → Umboðsmönnum skal vera boðið að vera viðstaddir þegar innsigli er rofið.¹³

- Þegar flokkun utankjörfundaratkvæða er lokið eða hlé gert á henni skal varðveita atkvæðisbréfin í innsiguðu rými þar til þau eru afhent viðkomandi kjördeild.¹⁴

Nánar er fjallað um meðhöndlun utankjörfundaratkvæða á bls. 19.

⁸ 32. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

⁹ 5 gr. reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða nr. 480/2024.

¹⁰ 2. Mgr. 5. Gr. Reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða nr. 480/2024

¹¹ 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994.

¹² 6. gr. reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða nr. 480/2024

¹³ 7. gr. reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða nr. 480/2024

¹⁴ 7. gr. reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða nr. 480/2024

Undirbúningur kjörstaða

Aðgengilegur kjörstaður

Uppsetning kjörstaða þarf að vera þannig að kjósendar eigi bæði greiðan aðgang að kjörstaðnum og um hann. [Mælst er til að kjörstjórnir notist við gátlista fyrir aðgengilegar kosningar.](#) Í gátlistanum eru mikilvæg atriði sem eiga tryggja að kjörstaðir séu aðgengilegir öllum kjósendum.

Kosningaleiðbeiningar skulu festar upp á áberandi stað á kjörstað og í hverri kjördeild, verði því komið við, þannig að þær séu aðgengilegar kjósendum.

Í hverri kjördeild skal vera hæfilegur fjöldi kjörklefa sem skulu þannig búnir að enginn sjái hvernig kjósandi greiðir atkvæði.

Góð nettenging

Mikilvægt er að kjörstaðir séu í góðu netsambandi (5G) þar sem símarnir sem notaðir eru til að skanna rafræn ökuskírteini þurfa að tengjast internetinu. Ef nettenging er ótraust þá getur það tafið ferlið við að skanna skírteinin. Ef ljóst er að kjörstaður er í lélegu netsambandi þarf að láta landskjörstjórn vita svo hægt sé að gera ráðstafanir.

Kjörgögn og önnur aðföng fyrir kosningar

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga fá kjörgögn og önnur aðföng fyrir framkvæmd kosninga frá yfirkjörstjórn kjördæmis og þurfa að tryggja að nægjanlegt magn sé af öllum kjörfundargögnum¹⁵. Yfirkjörstjórn kjördæmisins setur sig í samband við yfirkjörstjórn sveitarfélagsins varðandi fyrirkomulagið á þessari afhendingu.

Aðföng og útbúnaður á kjördag

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal tryggja að á hverjum kjörstað í sveitarfélaginu séu til staðar þau aðföng og aðbúnaður sem nauðsynleg eru til þess að kosning geti farið fram.

Á hverjum kjörstað

- Veggspjöld
- Innsigli
- Gerðabók
- Blindraspjald
- Yfirlitshefti um lög, reglugerðir, reglur og fyrirmæli vegna forsetakosninga
- Eyðublöð vegna staðfestingar aðstoðarmanns, afsals kosningarréttar og yfirlit yfir afsal kosningarréttar.

Í hverri kjördeild

- Atkvæðakassi
- Atkvæðaseðlar
- Tvær kjörskrár
- Gerðabók / fundargerð
- Sími til að skanna stafræn ökuskírteini

¹⁵ 6. gr. og 31. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024

- Gott er að hafa framlengingarsnúru ef hlaða þarf símana sem notaðir eru til skönnunar.
- Atkvæðaumslög fyrir frágang í kjördeild
- Afstemmingarblöð
- Uppgjörsblöð
- Veggspjöld ef hægt er að hengja þau upp í kjördeildinni.

Í hverjum kjörklefa

- Skriffaði fyrir kjósendar til að merkja við frambjóðendur – til samræmis er mælt með blýanti.

Nánar um kjörgögn og aðföng fyrir framkvæmd kosninga

Atkvæðakassar

Yfirkjörstjórn sveitarfélags þarf að tryggja að til staðar sé nægilegur fjöldi atkvæðakassa fyrir kosningar í sveitarféluginu hverju sinni, en landskjörstjórn útvegar atkvæðakassana sem og gerðabækur. Hafið samband ef slíkt vantart.

- Heimilt er í undantekningartilvikum að nota eldri atkvæðakassa sem ekki hafa innfeldan ramma, en þá þarf að ganga frá samskeytum loks og kassa með sterku límbandi og innsigli sett yfir það á hverri hlið kassans.¹⁶

Innsigli

Landskjörstjórn útvegar innsigli. Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga skulu tryggja að innsigli í þeirra vörlu séu ávallt geymd með tryggum og öruggum hætti.

Áður en innsigli er rofið skal bera raðnúmerið á því saman við afrifuna (litla stubbinn) sem geymd er í gerðabók og að þau stemmi.¹⁷

Símar til að skanna stafræn ökuskríteini

Kjörstjórnir fá síma sem notaðir eru til að skanna stafræn ökuskríteini. Yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga ber að geyma og nota síma með ábyrgum hætti, en símarnir eru í eigu landskjörstjórnar. Tryggja þarf að símarnir séu ávallt hlaðnir þannig að hægt sé að skanna stafræn ökuskríteini. Með skönnun á stafrænum ökuskríteinum er verið að sannreyna að þau hafi sannarlega verið gefin út af Ríkislögreglustjóra.

- Mælt er með því að kveikt sé á sínum þegar kjörstjórnir fá þá í hendur. Ef símar þurfa að uppfæra sig er betra að það sé gert með góðum fyrirvara áður en kjördagur rennur upp.
- Símarnir eru læstir þannig að ekki er hægt að opna annað en skönnunar-app.
- Einstaklingar í kjörstjórnum sem þurfa að skrá sig inn í appið þurfa að gera það á sínum rafrænum skilríkjum.
- Nánari leiðbeiningar um skönnun stafrænna skilríkja er á blaðsíðu 8 í þessum leiðbeiningum.

¹⁶ 2. mgr. 33. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

¹⁷ 11. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórn og innsigli við kosningar nr. 1661/2023

Veggspjöld

Kosningaleiðbeiningar og upplýsingar um hver eru í framboði þarf að hengja upp á áberandi stað á kjörstað og í hverri kjördeild ef því verður við komið.¹⁸

Eftirfarandi veggspjöld þarf að hengja upp á kjörstöðum:

- Hvernig á að kjósa? – í stærð A2 og/eða A3 og ensk útgáfa
- Þarftu aðstoð? – í stærð A2 og ensk útgáfa
- Hvernig á að uppfæra stafræn ökuskírteini? – í stærð A3 og ensk útgáfa
- Frambjóðendur til forseta 2024 – í stærð A2 og/eða A3
- Bannað að tala í síma – í stærð A4

Blindraspjöld

- Á hverjum kjörstað skal vera eitt blindraspjald.
- Blindraspjöld eru hjálpartæki fyrir kjósendur, sem eru blindir eða sjónadaprir.
- Blindraspjald er jafnstórt kjörseðli á kjörfundi með upphleyptum valkostum á blindraletri, með glugga framan við hvern valkost og vasa á bakhlið þannig að kjósandi geti í gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, frambjóðanda eða svarkost sem hann velur.

Geymsla kjörgagna

Yfirkjörstjórn sveitarfélags tekur á móti og varðveitir með öruggum hætti kjörseðla sem hún fær fá yfirkjörstjórn kjördæmis. Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal afhenda gögnin til hverfiskjörstjórna eða undirkjörstjórna í viðkomandi sveitarfélagi milliliðalaust og ef ekki þá í öruggum og innsiguðum umbúðum með traustum og rekjanlegum hætti fyrir upphaf kjörfundar.¹⁹

Á meðan á kjörfundi stendur skulu öll kjörfundargögn og utankjörfundargögn sem afhent hafa verið kjörstjórn, ávallt vera í vörlum a.m.k. tveggja kjörstjórnarfulltrúa eða annarra tveggja einstaklinga sem kjörstjórn ákveður.²⁰

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga skulu varðveita ónotaða seðla, sem þær móttaka og ekki hafa verið afhentir kjörstjórn, með tryggilegum hætti svo sem í innsiguðu íláti eða fyrir luktum dyrum sem jafnframt skulu innsiglaðar. Yfirkjörstjórn skal gera grein fyrir ónotuðum kjörseðlum sem ekki eru afhentir til undirkjörstjórna í uppgjöri við talningu atkvæða²¹.

Lögbundnar auglýsingar

Auglýsa þarf kjörstaði og opnunartíma með hæfilegum fyrirvara fyrir kjördag.

¹⁸ 4. mgr. 27. gr. og 1. mgr. b. liðar 28. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

¹⁹ 6 gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

²⁰ 38. gr. reglugerðar um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða 480/2024.

²¹ 6. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

Opnunartími kjörstaða

Meginreglan er að kjörstaðir skulu opnaðir klukkan 9:00 að morgni kjördags. Kjörfundi má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að hann hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Eftifarandi gildir um opnunartíma kjörstaða:

- Kjörstjórn getur ákveðið að þeir opni seinna en klukkan 9:00, en aldrei seinna en klukkan 12:00. Ákvörðun um að opna seinna en klukkan 09:00 skal tekin í samráði við yfirkjörstjórn kjördæmisins.²²
- Kjörstaðir loka í síðasta lagi klukkan 22:00. Þeir kjósendar sem eru þá í biðröð mega kjósa.
 - Kjörstjórn getur ákveðið að loka fyrr, en ekki fyrr en eftir 8 klukkustundir **og** hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.
 - Dæmi: Í fyrsta lagi klukkan 17, ef kjörfundur hófst klukkan 9 og enginn kjósandi hefur gefið sig fram síðasta hálftímann.
- Ef allir sem eru á kjörskrá hafa greitt atkvæði má loka kjörstað.
- Ef kjörstjórn og umboðsmenn eru sammála um að loka kjörstað eftir 5 klukkustundir, og enginn kjósandi hefur komið sl. hálftíma, þá má loka.²³

²² 80. gr. kosningalaga nr. 112/2021

²³ 91. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Kjördagur

Í sveitarfélagi sem er ekki skipt í kjördeildir gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna. Hlutverk kjörstjórna í kjördeildum á kjördegi er m.a.:

- Láta kjósendur gera grein fyrir sér.
- Merkja í kjörskrá hverjir hafa kosið.
- Aðstoða við kosningu, óski kjósandi þess.
- Sjá til þess að óleyfilegur kosningaráróður fari ekki fram á kjörstað eða á lóð hans.
- Leysa úr öllu því sem upp getur komið á kjördag.

Mikilvægt er að kjörstjórnir sýni öllum kjósendum virðingu, þolinmæði og upplýsandi viðmót.

Meðan á kosningarathöfninni stendur skal kjörstjórnin sitja við borð í kjörfundarstofunni. Aldrei má nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.²⁴

Ýmislegt getur komið upp á kjördag og mikilvægt að halda alltaf ró sinni og yfirvegu.

Fyrir opnum kjörstaða

Innsiglun atkvæðakassa

Í kjörfundarstofu er atkvæðakassi sem þarf að innsigla á tveimur stöðum fyrir upphaf kjörfundar eftir að hafa gengið úr skugga um að hann sé tómur.²⁵

Á innsiglin skal skrifa nafn kjörstaðarins og kjördeildina. Passið að líma innsiglin vel á kassana.

EKKI þarf að tilkynna umboðsmönnum sérstaklega þegar atkvæðakassar eru innsiglaðir við upphaf kjörfundar, enda er upphaf kjörfundar auglýst sérstaklega.²⁶

Ef skipt er um atkvæðakassa yfir daginn skulu raufar innsiglaðar fyrir flutning og næstu kassar innsiglaðir eins og áður → Umboðsmönnum er einnig heimilt að innsigla kassa. Innsigli þeirra mega ekki hylja innsigli kjörstjórnarinnar.²⁷

Kjörseðlar

Tillaga að verklagi við að telja saman kjörseðla:

- 100 kjörseðlar eiga að vera í hverju búnti frá prentsmiðju, sem má síðan skipta niður í t.d. 10 seðla bunka sem leggjast á víxl. Þetta er gert við hvert búnt sem opnað er yfir daginn.
 - Yfirkjörstjórn kjördæmis hefur kannski afhent færri en 100 kjörseðla.
- Ekki er æskilegt að hafa fleiri en 100 kjörseðla uppi á borðum í einu.

Upplýsingar um kjörsókn

Yfirkjörstjórnir kjördæma safna töluum um kjörsókn í kjördæminu, stundum á klukkutímafresti eða nokkrum sinnum yfir daginn. Fjölmiðlar hafa áhuga á þessum töluum og því gott að hafa þær sem aðgengilegarstar.

Ræðið við yfirkjörstjórn kjördæmisins um hvernig fyrirkomulagið verður á þessu.

²⁴ 81. gr. kosningalaga nr. 112/2021

²⁵ 79. gr. kosningalaga nr. 112/2021

²⁶ 4. mgr. 10. gr. Reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024.

²⁷ 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

Kjósandi kýs

Þegar kjósandi kemur í sína kjördeild gefur hann upp heimilisfangið sitt og kjörstjórnin gengur úr skugga um að hann sé sá sem hann segist vera, oftast með framvísun skilríkja. Kjörstjórnin merkir við hann í kjörskránni og afhendir honum kjörseðil sem hann þarf síðan að setja ofan í atkvæðakassann þegar hann hefur kosið.²⁸

Merking í kjörskrá

Kynskráning er forskráð í kjörskrá:

- 1 stendur fyrir karlkyn
- 2 stendur fyrir kvenkyn
- 7 stendur fyrir kynsegin/annað

Ekki er þörf að spyrja fólk um kyn sitt þar sem það er forskráð í kjörskránna.

Undirkjörstjórn skráir í viðeigandi dálk **út frá forskráningu** í kjörskrá. Sumar kjörstjórnir gera mismunandi merki, s.s. X, O o.s.frv. eftir kyni í viðeigandi dálk, sjá dæmi frá Reykjavíkurborg:

Kyn	Hlk: Hlutlaus kynskráning Ka: Karlar Ko: Konur	Kennitala	Erl	Ka	Ko	Hlk	Athugasemdir	Raðnúmer
1	Ari Arason	111111-1119		X				99996
2	Lára Lárudóttir	121212-1219			O			99997
7	Kristín Kristínardóttir	131313-1319				Θ		99998
2	Gerður Gerðardóttir	141414-1419			U			99999

Til að geta stemmt af fjölda kjósenda hafa margar undirkjörstjórnir afstemmingarblöð þar sem kjörstjórnarmenn merkja eftir kyni kjósenda fjölda þeirra sem kosið hafa og sjá þannig fjöldann glögglega og geta borið saman bækur sínar.



Mikilvægt er að fara reglulega yfir hvort villur hafi komið upp við skráningu kjósenda, stemma af fjölda kjósenda og fjölda atkvæðaseðla.

Framvísun skilríkja

Samkvæmt kosningalögum þurfa kjósendur að geta gert grein fyrir sér, þ.e. að þeir séu þeir sem þeir segjast vera. Það er gert með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, svo sem vegabréfi, ökuskríteini eða nafnskríteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.²⁹ Þannig meta kjörstjórnir hvort einstaklingar hafi gert grein fyrir sér á fullnægjandi hátt, annaðhvort með framvísun skilríkja eða með öðrum hætti.

Leiðbeiningar varðandi skönnun á stafrænum ökuskríteinum er á bls. 25 í þessum leiðbeiningum.

Mistök kjósanda við merkingu kjörseðils

²⁸ 84. gr. kosningalaga nr. 112/2021

²⁹ 83. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Ef kjósandi gerir mistök við merkingu kjörseðils eða það sést hvað hann kaus má **ekki** setja seðilinn í atkvæðakassann. Kjósandi getur fengið nýjan kjörseðil og afhent kjörstjórninni ónýta seðilinn. Ónýti seðillinn er settur í *Atkvæðaumslag* sem fylgir kjörgognunum og hakað við „ónýtir seðlar“.

Kjósandi óskar eftir að barn komi með sér í kjörklefa

Meginreglan er að kjósandi kjósi í einrúmi. Kjörstjórn er heimilt að veita kjósanda með ósjálfbjarga barn undanþágu frá meginreglunni, enda geti kjósandi annras ekki greitt atkvæði.³⁰ Það er hlutverk kjörstjórnar hverju sinni að leggja mat á þessi atkvík en mikilvægt er að nota almenna skynsemi í mati sem þessu.

Aðstoð við kosningu

Allir kjósendur geta fengið aðstoð við að kjósa. Kjósandi getur komið með eigin aðstoðarmann eða fengið aðstoð frá kjörstjórnarfólki. Nánari leiðbeiningar varðandi aðstoð við kosningu er á bls. 21 í þessum leiðbeiningum.

Afsal kosningaráttar í kjördeild

Það getur komið fyrir að kjósandi kemur á annan kjörstað en hann á að kjósa á. Aðeins ef hann er á kjörskrá innan sama kjördæmis er heimilt að leyfa honum að kjósa þar sem hann er staddur. Nánari leiðbeiningar varðandi afsal kosningaráttar er á bls. 22 í þessum leiðbeiningum.

Myndatökur í kjördeild

Það er óheimilt að mynda inni í kjördeildinni. Ef fjölmíðlar vilja t.d. mynda frambjóðendur við kosningu er þeim heimilt að standa fyrir utan kjördeild og beina myndavél inn meðan frambjóðandi kýs. Gæta þarf þess að aðrir kjósendur séu ekki inn í kjördeildinni þegar slík myndataka fer fram. Engar myndatökur eru leyfilegar inni í sjálfri kjördeildinni og þurfa myndatökumenn að standa yfir utan hana.

Skipt um atkvæðakassa

Ef skipt er um atkvæðakassa meðan á kjörfundi stendur þarf að:

- stöðva kosninguna,
- skrifa niður hve mörg atkvæði eru í atkvæðakassanum, það sést á afstemmingarblöðum,
- innsigla rauf atkvæðakassans,
- tryggja að a.m.k. tveir kjörstjórnarmenn eða einhverjur sem kjörstjórn hefur ákveðið fylgi atkvæðakassanum að talningarstað.
- Innsigla nýjan kassa eins og áður, kanna að hann sé tómur og setja tvö innsigli á hann.
- Hefja kosningu að nýju.

Þjónusta og aðstoð á kjördag

Ef kjörstjórnir þurfa að leita aðstoðar á kjördag að þá eru ýmsir aðilar sem hægt er að leita til.

- Vandamál eða spurningar varðandi kjörskrá:

³⁰ 1. mgr. 82. gr. kosningalaga nr. 112/2021

- Þjóðskrá Ísland, s. 515 5300
- Vandamál eða spurningar varðandi skönnun á stafrænum skilríkjum
 - Lánskjörstjórn, s. 540 7500
- Spurningar varðandi lagaleg atriði og framkvæmdina, s.s. afsal atkvæðaréttar, aðstoðar o.s.frv.
 - Yfirkjörstjórn kjördæmisins.
 - Lánskjörstjórn, s. 540 7500

Eftir lokun kjörstaða

Uppgjör í kjördeild eftir lokun

Þegar kjörfundi hefur verið slitið skal hver undirkjörstjórn ganga frá kjörgönum til afhendingar yfirkjörstjórnar kjördæmis sem annast talningu atkvæða.³¹

Það felst m.a. í því að hver kjördeild fær atkvæðaumslög sem í fara ein tegund af gögnum í hvert umslag.³²

- Utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina (sbr. 94. gr. kosningalaga) eru sett í sér umslag. (t.d. ef undirskriftir vantar á fylgibréf eða einhverju öðru er ábótavant)
- Utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um innan undirkjörstjórnar hvort taka skuli til greina eru sett í sér umslag (sbr. 95. gr. kosningalaga).
- Óvistuð atkvæði, þ.e. utankjörfundaratkvæði sem ekki eiga heima í viðkomandi kjördeild, en í kjördeild innan kjördæmisins, eru sett í sér umslag.
- Þeir kjörseðlar sem hafa ónýst (af hvaða ástæðu sem er) eru settir í umslagið.
- Ónotaðir kjörseðlar (ef þeir eru fáir) má setja í umslagið eða aðrar umbúðir t.d. þær sem kjörseðlarnir komu í.
- Annað – t.d. ef kjósandi hefur kosið utankjörfundar og kýs aftur á kjördag, þá skal utankjörfundaratkvæðið sett í umslagið og merkt við *annað*.

Umboðsmenn eiga rétt á að vera viðstaddir þegar kjörstjórn kannar, að lokinni atkvæðagreiðslu, þau utankjörfundaratkvæði sem henni hafa borist.³³

Athugið að innsigla skal öll atkvæðaumslög sem notuð eru og send eru áfram til yfirkjörstjórnar kjördæmisins.

³¹ 1. mgr. 36. gr. reglugerðar um kjörgogn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

³² 26. gr. reglugerðar um kjörgogn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

³³ 4. mgr. 19. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna nr. 499/2024.

ATKVÆÐAUMSLAG



Til yfirkjörstjórnar _____

Frá kjörstað _____ Kjördeild _____

Mikilvægt er að aðeins **ein tegund af gögnum** fari í hvert umslag.

Aðeins skal merkja í **einn ferning** hér að neðan eftir því hvaða gögn eru í umslaginu.

- Utankjörfundaratkvæði ekki tekin til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga _____ stk. Ef eitthvað vantar á fylgibréfið t.d. undirritun kjósanda eða kjörstjóra skal merkja hér og setja sendumslögin í þetta umslag.
- Ágreiningur um gildi utankjörfundaratkvæða, sbr. 95. gr. kosningalaga _____ stk. Ef ágreiningur er innan kjörstjórnarinnar eða við umboðsmenn um gildi utankjörfundaratkvæðis skal merkja hér - yfirkjörstjórn kjördæmisurskurðar um gildið.
- Óvistuð atkvæði, þ.e. utankjörfundaratkvæði sem berast fyrir lok kjörfundar í aðra kjördeild en kjósandi tilheyrir og ekki tekst að koma til skila í rétta kjördeild. _____ stk.
- Ónotaðir kjörseðlar _____ stk.
- Ónýtir kjörseðlar _____ stk. Til dæmis ef kjósandi kaus bæði utankjörfundar og á kjördag, þá fer utankjörfundaratkvæðið hér.
- Annað _____ stk.

Þegar öll kjörseðilsumslög með utankjörfundaratkvæðum, sem enginn ágreiningur er um að séu gild, hafa verið sett óopnuð í atkvæðakassann skal innsigla rauf cassans og gerðabók undirkjörstjórnar undirrituð.

- Undirkjörstjórn gengur síðan frá ónotuðum atkvæðum, atkvæðaumslögum og gerðabók, auk allra eintaka af kjörskrá með tryggum hætti í umbúðir sem skulu lokaðar eða samkvæmt nánari fyrirmælum sem yfirkjörstjórn setur um frágang kjörgagna.
- Fylla þarf út uppgjörsblöð frá yfirkjörstjórn kjördæmisins og Hagstofu Íslands.
- Varðveita þarf kjörgögn vel og skulu þau aldrei vera í höndum færri en tveggja einstaklinga.³⁴
- Öll gögn skulu fylgja með til yfirkjörstjórnar kjördæmis, þ.m.t. gerðabækur svo hægt sé að bera númer innsigla saman.

Flutningur kjörgagna til yfirkjörstjórnar kjördæmis

Undirkjörstjórnir skulu eins og fljótt og verða má eftir að kjörfundi lýkur afhenda kjörgögn til yfirkjörstjórnar kjördæmis með öruggum og rekjanlegum hætti svo hægt sé að hefja talningu.³⁵

Það er samkomulag við yfirkjörstjórn kjördæmisins hvernig atkvæðakössum er komið á talningarstað.

Skýrsluskil til Hagstofunnar

Að loknum kosningum þarf yfirkjörstjórn sveitarfélags að fylla út skýrslur til Hagstofu Íslands.

³⁴ 1. mgr. 37. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

³⁵ 36. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

Bókanir í gerðabók

Allar kjörstjórnir þurfa að halda gerðabækur og bóka hvað þau gera á kjördegi. Frekar skal bóka meira en minna og ef eitthvað sérstakt kemur upp. Í reglum um gerðabækur og innsigli við kosningar er farið nákvæmlega yfir hvað þarf að bóka um í gerðabók eftir tegund kjörstjórna.

Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga skulu bóka um eftifarandi í gerðabók samkvæmt reglum um gerðabækur og innsigli:

1. Hvert er aðsetur kjörstjórnarinnar og hver er oddviti hennar.
2. Móttöku kjörfundargagna frá yfirkjörstjórn kjördæmis.
3. Afgreiðslu og útsendingu kjörfundargagna til hverfis- eða undirkjörstjórna ásamt raðnúmeri innsigla.
4. Ónotaða kjörseðla í vörlum yfirkjörstjórnar og tilhögun vörslu.
5. Afgreiðslu og sendingarmáta atkvæðakassa til yfirkjörstjórnar við flokkun atkvæða skv. 2. mgr. 99. gr. kosningalaga.
6. Móttöku atkvæðakassa og kjörgagna frá hverfis- og undirkjörstjórnum (ef við á) og frágang, afgreiðslu, sendingu og sendingarmáta sömu gagna til yfirkjörstjórnar kjördæmis fyrir flokkun atkvæða og eftir lok kjörfundar.
7. Hvaða einstaklingum er falið að flytja kjörgögn frá kjörstað að talningaráði.
8. Kjörseðla sem ónýtast, fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki verða tekin til greina og óvistuð atkvæði sem móttokin eru af yfirkjörstjórn.
9. Aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls.

Hverfis- og undirkjörstjórnir skulu bóka um eftifarandi í gerðabók:

1. Upphaf og lok kjörfundar.
2. Hvar og hvenær kjörgögn eru afhent og hver tekur við þeim.
3. Bókanir hverfis- og undirkjörstjórna sveitarfélaga.
4. Að gengið hafi verið úr skugga um að atkvæðakassar séu tómir og síðan innsiglaðir, skv. 2. mgr. 79. gr. kosningalaga.
5. Viðveru umboðsmanna og ef þeir innsigla kassa þá hverjir og hvenær.
6. Athugasemdir umboðsmanna sem þeir vilja fá bókaðar í gerðabók kjörstjórnar.
7. Viðveru kosningaeftirlitsmanna.
8. Hvaða kjósendur hljóta aðstoð, kyn þeirra og hver aðstoðar skv. 4. mgr. 89. gr. kosningalaga.
9. Afsal kosningaréttar kjósanda í sinni kjördeild og hvar hann kys. Einnig skal bókað um afsalið í þeiri kjördeild sem kjósandi kys skv. II. ákvæði til bráðabirgða kosningalaga.
10. Utankjörfundaratkvæði sem kjósandi sendir í kjördeild, en hann er ekki á kjörskrá þar, skv. mgr. 93. gr. kosningalaga.
10. Móttöku utankjörfundargagna.
11. Tilkynningu sveitarstjórnar um breytingu á kjörskrá.
12. Fjölda kjósenda sem greiddu atkvæði á kjördag og fjöldi utankjörfundaratkvæða sem bárust í kjördeild.
13. Afhendingu atkvæðakassa og kjörgagna til yfirkjörstjórnar.
14. Frágang kjörgagna eftir lok kjörfundar.
15. Annað það sem mælt er fyrir um í kosningalögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, eða samkvæmt fyrirmælum yfirkjörstjórnar sveitarfélags.

Dæmi um bókanir í gerðabók kjörstjórnar:

1. Laugardaginn 1. júní 2024 var kjörstjórn mætt í Bskóla kl. 7:50. Oddviti er Oddný Oddsdóttir en aðrir kjörstjórnarmenn eru Anna Önnudóttir og Gunnar Gunnarsson.
2. Klukkan 8:50 var gætt að því að atkvæðakassi væri tómur, honum læst og síðan innsiglaður með innsiglum nr. _____ og _____. Umboðsmaðurinn Ari Arason var viðstaddir fyrir hönd frambjóðandans Einars Einarssonar.
3. Klukkan 9:00 hefst kosning. Á kjörskrá í 1. kjördeild eru samtals ____.
4. Klukkan 11:20 kom kjósandi nr. 38.567, Lára Lárudóttir, á kjörstaðinn og vildi afsala sér kosningarétti í Askóla. Haft var samband við kjörstjórn Askóla og sem staðfesti að Lára Lárudóttur hefði ekki kosið þar. Eyðublað var fyllt út og sett aftast í kjördeildabók í 3. kjördeild þar sem Lára greiddi atkvæði.
5. Klukkan 12:00 bárust 450 utankjörfundaratkvæði frá yfirkjörstjórn. Þau skiptust svona niður á kjördeildir:
 - Kjördeild 1: 150 atkvæði
 - Kjördeild 2: 130 atkvæði
 - Kjördeild 3: 170 atkvæði
6. Kl. 13:00 fékk kjósandinn Sigga Siggadóttir aðstoð eigin aðstoðarmanns við kosningu. Aðstoðarmaðurinn, Jón Jónsson, kt. 000000-0000 fyllti út staðfestingarblað og aðstoðaði kjósanda við kosningu. Lokað var fyrir umferð um kjördeildina á meðan.
7. Símtal barst frá Askóla kl. 14:00 um að kjósandi nr. 99.999, Lilla Lilludóttir, vildi afsala sér kosningarétti í Bskóla og kjósa í Askóla. Merkt var við Lillu í kjördeildabók: Kýs í Askóla.
8. Klukkan 16:30 var kosning stöðvuð stutta stund í kjördeildum þegar skipt var um atkvæðakassa. Í atkvæðakassa í 1. kjördeild voru ____ atkvæði, í 2. kjördeild ____ atkvæði og í 3. kjördeild ____ atkvæði. Rifur atkvæðakassana voru innsiglaðar með innsiglum nr. _____ nr. _____ og nr. _____.

Nýir atkvæðakassar voru innsiglaðir með innsiglum:

1. kjördeild nr. _____ og nr. _____
2. kjördeild nr. _____ og nr. _____
3. kjördeild nr. _____ og nr. _____

Umboðsmenn frá A og B framboðum voru viðstaddir skiptin og setti fulltrúi A sín innsigli á kassana.

9. Klukkan 17:00 kom kjósandi að máli við kjörstjórn og vakti athygli hennar á auglýsingaskilti frá einum frambjóðanda fyrir utan kjörstaðinn. Kannað var hvort þetta væri innan lóðarmarka sem var raunin og leyst úr málum með plastpokum og límbandi auk þess sem haft var samband við umboðsmann framboðsins.

10. Klukkan 17:30 kom upp villa í 2. kjördeild. Kosning var stöðvuð og fannst villan kl. 17:37 og kosningu var fram haldið.

11. Kjörfundi lauk kl. 22.

Í X kjördeild bárust ____ gild utankjörfundaratzkvæði sem sett voru í atkvæðakassann eftir slit kjörfundar. Undirkjörstjórnin taldi __ utankjörfundaratzkvæði ekki uppfylla formskilyrði og voru þau sett í umslag merkt *Utankjörfundaratzkvæði ekki tekin til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga*.

Heildarfjöldi greiddra atkvæða í X kjördeild voru ____.

Ónotaðir kjörseðlar voru _____. Voru þeir settir í umslag merkt *Ónotaðir kjörseðlar*.


Ónýtir kjörseðlar voru _____. Voru þeir settir í umslag merkt *Ónýtir kjörseðlar*.

Rifa atkvæðakassans var innsigluð með innsigli nr. _____.

Klukkan 22:30 var gengið frá kjörgögnum og þau flutt á talningarstað í fylgd Oddnýjar Oddsdóttur og Önnu Önnudóttur.

Meðhöndlun utankjörfundaratzkvæða

Kjósendur mega kjósa eins oft og þeir vilja utan kjörfundar og síðan einnig á kjördag (þó aðeins einu sinni á kjördag í sinni kjördeild). Mæti kjósandi á kjörstað verða atkvæði greidd utan kjörfundar ógild og eru sett í þar til gert umslag.



Yfirkjörstjórn sveitarfélags má fyrir kjördag rjúfa innsigli atkvæðakassa sem innihalda utankjörfundaratzkvæði og flokka utankjörfundaratzkvæðin í kjördeildir. Bjóða skal umboðsmönnum að vera viðstaddir þegar innisglin eru rofin.

- Ef hlé er gert á flokkun eða þegar búið er að flokka utankjörfundaratzkvæðin þarf að varðveita þau í innsigluðu rými þar til þau eru afhent kjördeildum.³⁶

Utankjörfundaratzkvæðum er síðan komið í þá kjördeild sem kjósandi er á kjörskrá.

- Ef atkvæðisbréf berast á kjörstað á kjördag skal bóka um móttöku þeirra.
- Komi kjósandi með utankjörfundaratzkvæði í kjördeild, þar sem hann er ekki á kjörskrá en er þó innan sama kjördæmis, leitast kjörstjórn við að koma því til skila.
 - Ef ekki tekst að koma því til skila í rétta kjördeild kallast atkvæðið **óvistað atkvæði** sem sett er í atkvæðaumslag og hakað við „óvistuð atkvæði“.

³⁶ 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um skráning, móttöku og meðferð utankjörfundaratzkvæða nr. 480/2024.

Sendumslagið er opnað og fylgibréfið og fleira kannað:

- Er fylgibréfið undirritað af kjósanda og undirritað af kjörstjóra?
- Er fylgibréfið dagsett 2. maí 2024 eða síðar? Vantar dagsetningu?
- Er nafn kjósanda á fylgibréfinu og umslaginu það sama?
- Er kjósandinn á kjörskrá?
- Er kjósandi láttinn?
- Eru þetta rétt gögn? Fylgibréf sem á að nota og aðeins eitt fylgibréf og einn kjörseðill í sendiumslaginu?

Ef **taka** skal atkvæðið **til greina** skal setja sérstakt merki (t.d. U) til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni. Kjörseðilsumslagið (minna umslagið) er sett óopnað ásamt fylgibréfinu er aftur í sendiumslagið og það geymt meðan atkvæðagreiðslan fer fram.

- Ef kjósandi hefur kosið utan kjörfundar en kýs svo aftur á kjördag þá skal skrifa það aftan á umslagið og setja í atkvæðaumslag og merkja í *Annað – kaus á kjördag*.
- Kjósandi á rétt á því að fá utankjörfundaratkvæðið sitt afhent ef hann óskar eftir því.
- Sé eitthvað bogið við fylgibréfið skal skrifa ástæðna utan á sendiumslagið, það sett í brúna umslagið og merkt við *Utankjörfundaratkvæði ekki tekið til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga*.
- Ef ágreiningur er innan kjörstjórnarinnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns um hvort utankjörfundargögnin eru í lagi, skal setja þau utankjörfundaratkvæði í brúna umslagið og merkt við *Ágreiningur um gildi utankjörfundaratkvæði, sbr. 95. gr. kosningalaga*.

Eftir slit kjörfundar er kannað að allt stemmi og litlu kjörseðilsumslögin tekin úr sendiumslögunum, þau talin og síðan sett **þópnuð** í atkvæðakassann.

Aldrei skilja umslögin að eða setja umslög í atkvæðakassann fyrr en eftir að kjörfundi er slitið.

Aðstoð við kosningu

Allir kjósendur geta fengið aðstoð við að kjósa og þurfa ekki að gefa neinar ástæður fyrir því.

Kjósandi getur komið með eigin aðstoðarmann eða fengið aðstoð frá starfsfólki kosninga.

Aðstoð skal aðeins veita ef kjósandi getur sjálfur skýrt þeim sem veitir aðstoðina frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Það þarf ekki að vera með orðum, heldur geta verið bendar eða eitthvað merkjamál sem aðstoðarmaður og kjósandi kunna skil á.

Ef kjósandi er með eigin aðstoðarmann þá gildir eftirfarandi:

- Aðstoðarmaður þarf að fylla út sérstakt eyðublað.
- Aðstoðarmaður má ekki vera frambjóðandi í kosningunum og ekki heldur maki, barn, systkini eða foreldri frambjóðanda.
- Aðstoðarmaður má ekki aðstoða fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningar.

Ef kjósandi fær aðstoð við að kjósa tryggir kjörstjórn að kosningin sé leynileg.

- Bókað er um aðstoðina í fundargerð, þ.e. hvaða kjósandi hlaut aðstoð og nafn og kennitala aðstoðarmanns.

Við alla framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu skal kjósanda sýnd sú nærgætni, lipurð og virðing sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni.³⁷

Hvers vegna var þessu breytt?

Fyrra fyrirkomulag var gagnrýnt þar sem kjósendum var m.a. mismunað á grundvelli fötlunar og það fyrirkomulag ekki talist samrýmast 29. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þetta er ný nálgun þar sem allir kjósendur eiga rétt á aðstoð án þess að gefa upp ástæðu fyrir því og þannig tryggt að allir kjósendur geti notið þeirra grundvallarmannréttinda að taka þátt í kosningum. Sá réttur er talinn vega þyngra en möguleikinn á áhrifum aðstoðarmanns á kjósandann.

³⁷ 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um aðstoð nr. 432/2022


Afsal atkvæðisréttar

Ef kjósandi er ekki á sínum kjörstað getur hann fengið að kjósa á þeim kjörstað sem hann er staddur á, ef hann er á kjörstað innan sama kjördæmis.³⁸

Vanda þarf framkvæmd afsals atkvæðaréttar vel og muna eftir því við uppgjör í lok dags.

Í dæminu hér að neðan eruum við með kjörstað A og kjörstað B sem eru innan sama kjördæmis.

Ferlið er svona:



Við uppgjörið er mikilvægt að kjörstjórnin á kjörstað A muni eftir því að telja þessi atkvæði með, þau telja með í heildartölum atkvæða sem eru í atkvæðakassanum. Eyðublaðið sem kjósandinn fyllti út skal geymt með kjörskránni í kjördeildinni.

Á kjörstað B er mikilvægt að muna að þessi atkvæði eru **ekki** í atkvæðakassanum heldur aðeins að merkt hafi verið við að viðkomandi kaus annars staðar. Hér er eyðublað með yfirliti yfir þá sem hafa afsalað sér kosningarrétti á kjörstað aðgengilegt.

Mikilvægt er að kjörstjórnir á báðum stöðum bóki um þetta í gerðabækur sínar til að gæta að rekjanleika.

³⁸ 2. tl. 1. mgr. og 2. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis kosningalaga nr. 112/2021.

Umboðsmenn

Umboðsmenn eru mikilvægir við eftirlit með kosningunum. Kjörstjórnir eiga að taka vel á móti umboðsmönnum.

Umboðsmenn mega m.a.:

- Innsigla öll gögn sem kjörstjórn/kjörstjóri innsiglar.³⁹
- Láta bóka athugasemdir sem þeir hafa í gerðabækur kjörstjórna, eða eftir atkvíkum bóka sjálfir.⁴⁰
- Vera viðstaddir:
 - Undirbúning, frágang og atkvæðagreiðslu á kjörfundi⁴¹,
 - þegar kjörstjórn opnar atkvæðakassa með utankjörfundaratkvæðum frá kjörstjórum,⁴²
- sitja við borð í kjörfundarstofu,⁴³
- fá aðgang að kjörskrám í kjörfundarstofu og leiðbeiningar um kosningarnar.⁴⁴

Umboðsmenn mega m.a. ekki:

- trufla framgang kosninga⁴⁵,
- koma með eða hafa á brott með sér úr kjörfundarstofu gögn er varða kosninguna⁴⁶
- taka upp, mynda eða miðla með öðrum hætti út úr kjörfundarstofu um það sem þar fer fram⁴⁷

Þeir skulu tilkynna sig þegar þeir mæta á staðinn og þegar þeir fara.⁴⁸

Ef umboðsmenn fara ekki að fyrirmælum er kjörstjórn heimilt að víkja þeim af kjörstað.

³⁹ 10. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴⁰ 11. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴¹ 16. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴² 18. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴³ 55. gr. kosningalaga nr. 112/2021

⁴⁴ 55. gr. kosningalaga nr. 112/2021

⁴⁵ 29. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴⁶ 1. mgr. 15. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴⁷ 2. mgr. 15. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

⁴⁸ 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll

Ný reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður hefur tekið gildi.⁴⁹ Markmið reglugerðarinnar er að kosningar geti farið fram með friðsamlegum hætti og öryggi og framkvæmd kosninga sé tryggð. Yfirkjörstjórnunum sveitarfélaga ber að sjá til þess að hvorki fari fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

Á kjörstað er óheimilt að hafa í frammi hvers konar kosningaáróður. **Það á við um bygginguna sem atkvæðagreiðslan fer fram í og lóð hennar.** Þetta er breyting frá því sem áður var.

Það er kosningaáróður að hafa í frammi nokkuð það sem getur haft áhrif á afstöðu kjósenda. Til kosningaáróðurs geta m.a. talist auglýsingar, merki, slagorð eða önnur auðkenni framboða sem og að auglýsa eða vekja athygli á málefnum í samfélagslegri umraðu.

Það telst **ekki** til kosningaáróðurs þótt umboðsmenn framboða beri skilríki þar sem fram kemur nafn framboðs þess sem þeir starfa fyrir.

Kjörstjórnir hafa heimild til að takmarka fjölda fólks inni á kjörstað til að halda uppi röð og reglu.

Óheimilt er aðhafast nokkuð sem getur spilt umhverfi, aðföngum eða öðru sem haft getur áhrif á framkvæmd kosninga. Jafnframt er óheimilt að hafa í frammi hegðun sem ógnað getur öryggi og truflað framkvæmd kosninga.

⁴⁹ 4. gr. reglugerðar um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024.

Skönnun á stafrænum skilríkjum

Allar kjördeildir fá síma með appi sem notað er við að sannreyna útgáfu á stafrænum ökuskírteinum í því skyni að staðfesta hver kjósandinn er. Með öllum sínum á að fylgja hleðslutæki.

Áður en kjörfundur hefst

- Sjá til þess að sími sé hlaðinn og hægt sé að setja í hleðslu sé þess þörf.
- Kveikja á síma tímanlega fyrir kjörfund, t.d. daginn áður. Það er gert til þess að síminn nái að tengjast neti og geti uppfært sig, ef þess þarf.
- Kjörstjórnarmaður skráir sig inn í appið með sínum rafrænu skilríkjum.
- Prófa að skanna a.m.k. eitt skírteini með ferlinu hér fyrir neðan áður en kjörfundur hefst.
- Hafa hleðslutæki fyrir símann tiltækt á kjörstað.

Kjósandi uppfærir stafræna skirteinið sitt.

Algeng vandamál:

Ökuskírteini er ekki með uppfært strikamerki

- iPhone:
 - Ýtið á stillingahnapp ofan við skírteinið. Dragið stilliskjá niður til að uppfæra
- Android:
 - Smellið á uppfærsluhnapp fyrir neðan skírteinið.



Myndavél beint að strikamerki á ökuskírteini og það skannað.

Starfsfólk skoðar niðurstöður í símanum.

Aðeins er hægt að skanna stafræn ökuskírteini sem geymd eru á vottuðum símaveskjum Ísland.is. Fyrir **Android** er það **SmartWallet** og fyrir **iPhone** er það **Apple Wallet**.

Önnur símaveski, t.d. Google Wallet o.fl., styðja ekki uppfærslu á strikamerki ökuskírteinisins og er því ekki hægt að skanna þau þar.

Ef aðstoðar er þörf varðandi símana á kjördag hafið samband við landskjörstjórn í síma 540 7500.

Lög og reglugerðir

Lög

- [Kosningalög, nr. 112/2021](#)
- [Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944](#)

Reglugerðir

- [Reglugerð um talningu atkvæða nr. 447/2024](#)
- [Reglugerð um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista fyrir kosningar nr. 254/2024](#)
- [Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum og í heimahúsum nr. 446/2024.](#)
- [Reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslu vegna alvarlegs smitsjúkdóms nr. 445/2024.](#)
- [Reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024.](#)
- [Reglugerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum nr. 442/2024.](#)
- [Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá nr. 441/2024.](#)
- [Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu, nr. 432/2022](#)
- [Reglugerð um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða nr. 480/2024](#)
- [Reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024](#)
- [Reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024](#)

Reglur

- [Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023](#)
- [Reglur um útlit og notkun sérstaks merkis á sendiumslag sem notað er við atkvæðagreiðslu utan kjörfudnar \(strikkamerki\) nr. 1161/2023](#)
- [Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og bjóðaratzkvæðagreiðslur nr. 1160/2023](#)

Fyrirmæli landskjörstjórnar

- [Fyrirmæli landskjörstjórnar um skilríki umboðsmanna við kosningar nr. 181/2024.](#)

Eyðublöð

- [Afsal kosningarréttar](#)
- [Staðfesting aðstoðarmanns kjósanda](#)
- [Yfirlit yfir afsal kosningaréttar](#)